Annar fundur skólaráðs miðvikudaginn 11.11.2026

Mættir: Valdimar Víðisson, skólastjóri. Una Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara. Páll Z. Pálsson, fulltrúi kennara. Sigrún Helgadóttir, fulltrúi starfsfólks. Heimir Dúnn Guðmundsson, fulltrúi foreldra. Anna Laufey Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra. ~~Erla Bára Ragnarsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins~~. Benedikt Jón Bjarnason, fulltrúi nemenda. Steina Dís Gylfadóttir, fulltrúi nemenda. Hanna Elísabet Hákonardóttir, fulltrúi nemenda. Tómas Ingi Davíðsson, fulltrúi nemenda.

Fundarstjóri og fundaritari: Valdimar Víðisson.

Fundur hófst kl. 14:10.

Dagskrá fundar:

- Bréf vegna myndavélakerfis.
    - Rætt um drög að bréfi vegna myndavélakerfis.
    - Afgreiðsla:
        - Bréfið samþykkt og skólastjóra falið að koma því áfram.
- Bréf vegna loftgæða.
    - Rætt um drög að bréfi vegna loftgæða. Bréfið byggir á eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins frá því í vor.
    - Afgreiðsla:
        - Bréfið samþykkt og skólastjóra falið að koma því áfram.
- Eftirlitsskýrsla.
    - Umræður um eftirlitsskýrsluna.
- Niðurstöður Skólapúlsins í 6. og 7. bekk.
    - Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður.
    - Umræða:
        - Mjög mikil óánægja nemenda með matinn. Skólastjóri hefur nú þegar sett sig í samband við Skólamat og beðið um að komið sé og fylgst með. Einnig að fulltrúar Skólamatar komi og ræði við nemendur og heyri þeirra sjónarmið.
- Viðmið um Skólasókn.
    - Skólastjóri fór yfir helstu breytingar á viðmiðum um skólasókn.
- Nestisstund nemenda.
    - Verklag þegar kemur afþreyingu á skólatíma.
    - Mikilvægt að hafa það á hreinu.
    - Er þetta í góðu lagi?
    - Þurfum að hafa þetta á hreinu.
- Önnur mál.
    - Rætt um bráðger börn. Hvernig er staðan með þau? Eru þau að fá verkefni við hæfi ef þau klára?

- Skólastjóri ræði við starfsfólks og greinir.

Fundi slitið kl. 15:20.

Valdimar Víðisson ritaði fundargerð.